



## Starfslýsing fyrir skólaritara sem starfa við grunnskóla Akureyrar.

**Næsti yfirmaður:** Skólastjóri viðkomandi skóla.

### Ábyrgðarsvið:

Skólaritari er starfsmaður Akureyrarbæjar og starfar undir stjórn viðkomandi skólastjóra. Skólaritari sem ráðinn er til starfa í grunnskólum Akureyrar, skal gegna því samkvæmt grunnskólalögum, reglugerðum, starfslýsingu, kjarasamningum og starfsmannastefnu Akureyrarbæjar, eftir því sem við á. Skólaritari er þátttakandi í uppeldisstarfi skóla. Áhersla er lögð á hæfni í mannlegum samskiptum í starfi hans og að hann haldi skólareglur í heiðri og reglugerð þar að lútandi. Hann sýnir nemendum skóla gott fordæmi, er jákvæður traustur og samkvæmur sjálfum sér.

Viðkomandi yfirmenn og/eða starfsmenn geta óskað endurskoðunar á starfslýsingu þessari ef aðstæður breytast eða þurfa þykir af einhverjum ástæðum.

Helstu verkefni:

- ◆ Annast öll almenn skrifstofustörf í skólanum.
- ◆ Annast símavörslu, skiptiborð og innanhúskerfi.
- ◆ Tekur við fjarvistartilkynningum og hringir heim í samráði við kennara.
- ◆ Hefur eftirlit með tækjum á skrifstofu, sér um pantanir á pappír o.fl. og kallar eftir viðgerðarmanni ef þess er þörf.
- ◆ Annast innritun og nemendaskrá í skóla og skólavistun og sér um að hún sé alltaf sem réttust.
- ◆ Annast móttöku gesta.
- ◆ Tekur við greiðslum fyrir ýmsa þjónustu samkv. ákvörðun skólastjóra.

Skólaritari starfar með öllu starfsfólki skólans. Hann aðstoðar annað starfsfólk við ritvinnslu og fjölföldun eftir því sem þörf er á og aðstæður leyfa hverju sinni.

Skólaritari sinnir nemendum með margvíslegum hætti og leitast við að greiða úr þeim málum sem þeir bera upp við hann hverju sinni.

Skólaritari annast undirbúnings- og frágangsvinnu við upphaf og lok skólaárs.

Verði skólaritari var við að nemandi fari ekki að skólareglum eða sýni af sér vítaverða framkomu og lætur ekki segjast við áminningar skal hann tilkynna það til viðkomandi umsjónarkennara.

Skólaritari skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi upplýsingar sem hann verður var við í starfi og sýnir tillitssemi í samskiptum við annað starfsfólk og nemendur. Trúnaður helst þótt látið sé af starfi.

Skólaritari sinnir einnig öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri kann að fela honum, enda samrýmist þau starfssviði hans.